

# LÖG

## um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

*Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.*

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í 31., 66., 71. og 83. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skulu þau ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildisviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

### 2. gr.

*Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.*

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í b-lið 3. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skal það ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildisviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

### 3. gr.

*Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.*

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í 3. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skal það ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um

álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildis sviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Árni M. Mathiesen.*